

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1185/2012****2013/EES/64/15****frá 11. desember 2012**

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 607/2009 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 um verndaðar upprunatáknanir, verndaðar, landfræðilegar merkingar, hefðbundin heiti, merkingu og framsetningu tiltekinna vínafurða (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ⁽¹⁾, einkum m-lið fyrstu málsgreinar 121. gr. í tengslum við 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Merking og kynning á freyðivíni, loftblönduðu freyðivíni, gæðafreyðivíni eða ilmríku gæðafreyðivíni skulu, í samræmi við e-lið 1. mgr. 118. gr. y í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, innihalda upplýsingar um heiti framleiðandans eða söluaðilans. Í 3. mgr. 56. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 607/2009 ⁽²⁾ stendur að við þessar upplýsingar skuli bæta orðunum „framleiðandi“ eða „framleitt af“ og „seljandi“ eða „selt af“, eða samsvarandi hugtökum. Í því ákvæði er einnig mælt fyrir um að aðildarríkin geti krafist þess að tilgreindar séu upplýsingar um framleiðanda og að í þeim tilvikum geti þau leyft að annað orð komi í staðinn fyrir orðin „framleiðandi“ eða „framleitt af“. Ef hefð er fyrir að viðurkenna og nota tiltekin orð til að merkja freyðivín í aðildarríkjunum og ef aðildarríkin ákveða að krefjast upplýsinga um framleiðanda og leyfa að önnur orð komi í staðinn fyrir orðin „framleiðandi“ eða „framleitt af“, skulu það vera orð sem hefð er fyrir að

nota í geiranum. Ennfremur er nauðsynlegt, til að upplýsa neytendur um iðorðanotkun á þessu sviði, að tilgreina þau orð sem má leyfa á hinum ýmsu tungumálum Evrópusambandsins.

- 2) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 607/2009 til samræmis við það.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 607/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað b-liðar annarrar undirgreinar 3. mgr. 56. gr. komi eftirfarandi:
„b) að leyfa að í stað orðanna „framleiðandi“ eða „framleitt af“ komi orðin sem tilgreind eru í X. viðauka a við þessa reglugerð.“
- 2) X. viðauka a, en texti hans kemur fram í viðaukanum við þessa reglugerð, er bætt við.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 338, 12.12.2012, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 193, 24.07.2009, bls. 60.

VIÐAUKI

X. viðauki a

Orð sem um getur í b-lið 3. mgr. 56. gr.

Tungumál	Orð sem eru leyfð í staðinn fyrir „framleiðandi“	Orð sem eru leyfð í staðinn fyrir „framleitt af“
BG	„преработвател“	„преработено от“
ES	„elaborador“	„elaborado por“
CS	„zpracovatel“ eða „vinař“	„zpracováno v“ eða „vyroběno v“
DA	„forarbejdningsevirsomhed“ eða „vinproducent“	„forarbejdet af“
DE	„Verarbeiter“	„verarbeitet von“ eða „versektet durch“
ET	„töötleja“	„töödelnud“
EL	„οινοποιός“	„οινοποιήθηκε από“
EN	„processor“ eða „winemaker“	„processed by“ eða „made by“
FR	„élaborateur“	„élaboré par“
IT	„elaboratore“ eða „spumantizzatore“	„elaborato da“ eða „spumantizzato da“
LV	„izgatavotājs“	„vīndaris“ eða „ražojis“
LT	„perdirbėjas“	„perdirbo“
HU	„feldolgozó“	„feldolgozta“
MT	„proċessur“	„ipproċessat minn“
NL	„verwerker“ eða „bereider“	„verwerkt door“ eða „bereid door“
PL	„przetwórca“ eða „wytwórca“	„przetworzone przez“ eða „wytworzone przez“
PT	„elaborador“ eða „preparador“	„elaborado por“ eða „preparado por“
RO	„elaborator“	„elaborat de“
SI	„pridelovalec“	„prideluje“
SK	„spracovateľ“	„spracúva“
FI	„valmistaja“	„valmistanut“
SV	„bearbetningsföretag“	„bearbetat av“